



# Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

6. fundur stjórnar 2023-2024 þriðjudaginn 28. nóvember 2023

kl. 14.00 - 16.00 í Gimli, stofu G-301 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason. Á Teams: Grétar Þór Eyþórsson, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Zophonías Oddur Jónsson

Forföll: Guðný Björk Eydal.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

## Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 5. stjórnarfundar frá 31. október 2023 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
2. Fundir með sviðum HÍ.
3. Kjarasamningar. Staðan.
4. Bréf sem hafa borist.
  - a) Kennsla og breyttir kennsluhættir – afleiðingar fyrir félagsfólk? (Fskj. 2a-b)
  - b) Ráðningarmál í tengslum við rannsóknarstyrk. (Fskj. 3a-c)
  - c) Ósk um færslu úr FH í FPR. Framhald. (Fskj. 4)
5. Útreikningur á tímafjölda að baki námskeiðum á sviðum HÍ. Skýrsla starfshóps maí 2022. (Fskj. 5a-b)
6. Næsti stjórnarfundur.
7. Önnur mál.

## Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Fundargerð 5. stjórnarfundar frá 31. október 2023.
2. a-b: Tölvupóstur dags. 20. og 21. nóvember 2023: Kennsla og breyttir kennsluhættir – afleiðingar fyrir félagsfólk?
3. a-c: Tölvupóstur og fylgiskjöl dags. 3. nóvember 2023: Um ráðningarmál í tengslum við rannsóknarstyrk.
4. Tölvupóstur dags. 13. október 2023: Ósk um færslu úr FH í FPR.
5. a.-b. Útreikningur á tímafjölda að baki námskeiðum á sviðum HÍ. Skýrsla starfshóps frá maí 2022 ásamt bréfi FH til rektors um málið dags. 20. nóvember 2023.
6. Umsögn FPR við drög að reglum um fjárframlög til háskóla, mál nr. 192/2023.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 14.00.

### 1. Fundargerð 5. stjórnarfundar frá 31. október 2023 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)

Afgreiðslu fundargerðar var frestað til næsta fundar.

### 2. Fundir með sviðum HÍ.

Formaður sagði frá fundum FPR með fimm sviðum HÍ á tímabilinu 20. - 28. nóvember. Efni funda var niðurstöður kannana félagsins og kjarasamningar framundan. Þá voru rædd ýmis mál sem brenna á félagsfólki.

### 3. Kjarasamningar. Staðan.

Formaður sendi bréf til SNR þann 31. október með beiðni um fund til að ræða áætlun, verklag og kröfur FPR í komandi kjaraviðræðum. Var það gert með vísan í verkáætlun í gildandi kjarasamningi dags. 3. apríl 2023 þar sem fram kemur að kröfur stéttarfélaga skulu liggja fyrir 31. október og viðræður hefjast eigi síðar en 15. nóvember nk. Bréfinu hefur ekki verið svarað efnislega þrátt fyrir að því hafi verið fylgt eftir.

Fundur BHM og aðildarfélögum þess var þann 26. október þar sem rætt var um hvernig félögin sjá hlutverk bandalagsins í nánustu framtíð og þjónustu við aðildarfélögin. Þá var fundur þann 22. nóvember þar sem rætt var um kjarasamningana framundan frá ýmsum hliðum. Rætt var meðal annars um hlutverk BHM og samstarf aðildarfélagana. Formaður og framkvæmdastjóri FPR mættu á ofangreinda fundi.

Samninganefnd FPR er í reglulegu sambandi við FH og HA um sameiginlegar kröfur í tengslum við kjarasamningana.

#### 4. Bréf sem hafa borist.

a) **Kennsla og breyttir kennsluhættir – afleiðingar fyrir félagsfólk?** (Fskj. 2a-b)  
Bréf barst frá prófessor sem fjallaði um breytingar á kennsluháttum og fyrirlestrarhaldi og áhrif á mat þessa þáttar starfsins.  
Formaður lagði til að málið yrði fært undir dagskrárlið 5 og var það samþykkt.

b) **Ráðningarmál í tengslum við rannsóknarstyrk.** (Fskj. 3a-c)  
Bréf barst frá prófessor sem fjallaði um heimild til ráðningar starfsfólks í tengslum við rannsóknarstyrk. Umræða var um málið. Ákveðið var að kanna málið betur.

ZOJ vék af fundi kl. 15.03.

c) **Ósk um færslu úr FH í FPR. Framhald.** (Fskj. 4)  
Um er að ræða beiðni frá rannsóknarprófessor um aðild að félaginu en viðkomandi er í FH. Málið var tekið fyrir á stjórnarfundi 4. apríl sl. Ekki var hægt að verða við þeirri beiðni þar sem félagið er ekki með samningsumboð fyrir rannsóknarprófessora. Viðkomandi var upplýstur um niðurstöðu stjórnar sem hafði samband aftur síðar með ósk um að félagið beitti sér fyrir því að rannsóknarprófessorar fengu aðild að félaginu. Til að FPR fái samningsumboð fyrir ákveðið starfsheiti þarf að lágmarki 51% af þeim að óska eftir því.

#### 5. Útreikningur á tímafjölda að baki námskeiða á sviðum HÍ. Skýrsla starfshóps frá maí 2022.

(Fskj. 5a-b)

Starfshópur var skipaður eftir fund háskólaráðs HÍ þann 7. janúar 2021 til að greina fyrirkomulag greiðslna fyrir námskeið innan skólans og móta tillögur um samræmingu útreiknings fjölda stunda á bak við námskeið. Starfshópurinn, skipaður 5 manns, skilaði niðurstöðum með skýrslu til rektors í maí 2022 með tillögum að úrbótum.

Samræma þarf útreikninga á kennslutímum kennara og aðgangi að aðstoðarkennurum í námskeiðum á milli deilda og sviða HÍ. Um er að ræða mikilvægt jafnréttismál og liður í því að hægt verði að útfæra styttingu vinnuvikunnar fyrir þá hópa sem hafa ekki notið hennar án þess að heildarlaun þeirra skerðist. Sú vinna hefur ekki farið af stað og þarf að þrýsta á að koma henni í framkvæmd. FPR mun senda bréf til rektors og óska eftir fundi um málið.

#### 6. Næsti stjórnarfundur.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður í janúar nema eitthvað óvænt gerist. Tillaga að fundartíma verður send út í byrjun janúar.

#### 7. Önnur mál.

##### a) Bókhald FPR.

Rætt var um færslu bókhalds FPR fyrir árið 2023. Framkvæmdastjóri lagði til að fá bókara frá Endurskoðun og reikningshald ehf. sem er sama stofa og sér um ársreikninginn. Hún lagði til að miða við 20 klst. og sjá hvernig gengur. Ástæðan eru

miklar annir á skrifstofunni en einnig sem liður í betri aðgreiningu starfa í tengslum við fjármálin. Samþykkt.

**b) Umsögn FPR, mál nr. 192/2023.** (Fskj. 6)

Félagið skilaði inn þann 12. nóvember sl. umsögn við drögum að reglum um fjárframlög til háskóla, mál nr. 192/2023

**c) Móttaka á Bessastöðum.**

Formaður hefur fengið boð frá forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessyni um að mæta til móttöku á Bessastöðum í tilefni af fullveldisdeginum þann 1. desember nk.

**d) Jólaboð emeríta.**

Jólaboð emeríta verður 4. desember í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar. Gestur kvöldsins verður Valdimar Tr. Hafstein sem mun kynna nýju bókina sína Sund. Fjöldi skráðra eru samtals 45 talsins. Skráningarfrestur er til 29. nóvember.

**e) Flutningur skrifstofunnar í Borgartún 27.**

Skrifstofa félagsins flutti þann 8. nóvember úr Borgartúni 6 í tímabundið húsnæði í Borgartún 27, 2 hæð ásamt níu öðrum aðildarfélögum BHM. Félögin verða með opið hús miðvikudaginn 6. desember kl. 16-18. Stjórn félagsins er boðið að koma og skoða húsakynnin. Á sama tíma verður opið hús í nýrri skrifstofu BHM á 1. hæð í sama húsi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.45.

Fundarritari: LP.